

Nefndarsvið Alþingis.

## Fyrirspurn vegna máls nr. 327, um fasta starfsstöð þyrlu

### LHG á Akureyri.

Vísa til ofangreinds mál sem er á margan hátt brýnt mál og gott í eðli sínu. Öll viljum við að hagsmunir sjúklingsins sé í hávegum hafður og öll tæki nýtt til að slíkt geti átt sér stað.

Erindi okkar er bara að forvitnast um hvort gerð hafi verið þarfagreining á þessu máli og ekki síst hvort kannað hafi verið hvort annarskonar þyrla gæti verið notuð.

Eins er rétt að benda á að á þessu svæði eru oft margar þyrlur sem einnig gætu verið notaðar fyrir undanfara og notaðar til aðstoðar og stuðnings við þyrlu LHG sem og þær úrvals björgunarsveitir sem eru á þessu svæði. Hafa þær unnið stórkostlegt afrek í sínum störfum og hafa oftár en ekki fallið í skuggan af áhugaverðum fréttáflutning þar sem aðrir taka heiðurinn. Er það miður.

Umhverfi þyrlna hefur tekið miklum breytingum sl. áratug og hér eru til staðar reyndir þyrlurekendur með ísl. flugrekstrarleyfi. Miklar kröfur eru gerðar til slíkra aðila. Norðurflug sem dæmi hefur rekið t.d. tveggja mótora þyrlu, sömu tegundar og TF-SIF þyrla LHG.

Umhverfi fyrir sjúkrapþyrlur á erl. grundu hefur líka tekið stórtækum breytingum og er notast við minni þyrlur vegna björgunar á landi. Til staðar eru fjölmargar skýrslur um hvaða þyrlur henti til slíkra verkefna og er miður að lítið er horft til þeirra vönduðu skýrslna.

Ein þyrla er ekki bara ein þyrla, heldur er hún eða á að vera hluti af samræmdum aðgerðum í kjölfar slysa. Horfa þarf því heilstætt á málið og kannski skoða með hliðsjón af Heilbrigðisstefnu til ársins 2023.

Því er spurning okkar um þarfagreiningu sem gæti t.d. tekið á auknu samstarfi einkaaðila og LHG sem dæmi sem gæti stóraukið þjónustu við sjúklinga, eftt viðbragð við annarskonar útköllum LHG, tekið t.t.t. skoðana og bilana o.s.frv. En ekki síst snýr fyrirspurn okkar af þarfagreiningu sem tæki á hvað væri hentugasta þyrlan til þessa verkefnis.

Reykjavík 3 nóvember 2023.



Birgir Ómar Haraldsson,

framkvæmdarstjóri

## Listi á vef um þá sem voru beðin um umsögn.









### Öll erindi í 327. máli: föst starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri

154. loggiafarþing.

+ Vilt þú senda umsögn?

#### Erindi og umsagnir

Smella má á fyrirsögn dalks til að ræða eftir honum

Sendandi	Tegund erindis	Viðtakandi	Komu- dagur	Dbr.
Akureyrarbær 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	01.11.2023	494
Akureyrarbær 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	27.10.2023	416
Félag íslenskra atvinnuflugmanna	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	509
Félag skipstjórnarmanna	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	523
Háskólinn á Akureyri · Heilbrigðisvísindasvið	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	517
Húsnæðis- og málinvirkjastofnun	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	521
Landhelgisgæsla Íslands 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	26.10.2023	377
Landhelgisgæsla Íslands 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	25.10.2023	353
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutungamanna 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	01.11.2023	498
Neyðarliman oðif 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	27.10.2023	422
Ríkislogreglustjóri	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	529
Sjómannasamband Íslands	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	520
Sjúkrahúsið á Akureyri 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	01.11.2023	495
Slökkvilið Akureyrar	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	02.11.2023	527
Slysavarnafélagið Landsbjörg 	umsögn	allsþerjar- og menntamála- nefnd	01.11.2023	484